



# REGLUR UM FJÁRHAGSAÐSTOÐ Á AKRANESI

Akraneskaupstaður veitir fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

## I. kafli

### Almenn ákvæði og lagagrundvöllur

#### 1. gr.

##### Markmið

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna sbr. III. kafla reglna þessara.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára sbr. hjúskaparlög nr. 31/1993 og 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þegar fjárhagsaðstoð er veitt skal þess gætt að hvetja umsækjanda til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, styrkja til sjálfshjálpar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans sbr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upplýsa skal umsækjendur um réttindi sín, en jafnframt þá ábyrgð sem á þeim hvílir gagnvart sjálfum sér og öðrum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsleg ráðgjöf skal standa umsækjendum til boða í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skal tekið mið af aðstæðum hvers og eins og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 11. gr. reglna þessara og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældra barna nr. 86/2021.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum, þ.m.t. lögum um námsstyrki.

#### 2. gr.

##### Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili er sá staður þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu, þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Einstaklingar eldri en 18 ára sem eru með lögheimili á Akranesi geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar

og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þurfi einstaklingur á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi vegna slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal haft samráð við lögheimilissveitarfélag umsækjanda og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 3. gr.

#### Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

### 4. gr.

#### Gildistími umsóknar um fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði.

Í þeim tilvikum þegar ljóst þykir að aðstæður umsækjanda muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð til allt að 6 mánaða. Að þeim tíma liðnum skal mál umsækjanda skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og endurhæfingu.

### 5. gr.

#### Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Að öllu jöfnu er ekki heimilt að greiða fjárhagsaðstoð meira en einn mánuð aftur í tímann hafi viðkomandi átt rétt á aðstoð. Eigi umsækjendur rétt til fjárhagsaðstoðar, gildir rétturinn frá þeim tíma er umsókn var móttækin. Velferðar- og mannréttindaráð getur í undantekningartilvikum ákveðið að aðstoð skuli greidd lengra aftur í tímann, þó aldrei meira en fjóra mánuði, á grundvelli vel rökstuddra ástæðna og að umsækjandi uppfylli skilyrði reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð allt það tímabil sem sótt er um.

## II. kafli

### Umsókn um fjárhagsaðstoð og mat

### 6. gr.

#### Umsókn og fylgigögn

Sótt er um fjárhagsaðstoð í gegnum [island.is](http://island.is) og heimildagreiðslur á íbúagátt Akraneskaupstaðar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, mæðra- og feðralaun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun og greiðslu bóta. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil, sbr. 5. gr. reglna þessara.

Umsækjandi sem er óvinnufær vegna veikinda skal framvísa gildu læknisvottorði heimilislæknis eða sérfræðilæknis þar sem fram kemur mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu ef við á og hversu lengi umsækjandi verður óvinnufær.

Starfsmenn félagsþjónustu Akraneskaupstaðar geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

#### **7. gr.**

##### **Samvinna og félagsleg ráðgjöf**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðar- og mannréttindasviðs bjóða umsækjanda félagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem hvíla á honum vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð.

#### **8. gr.**

##### **Mat á fjárbörf og afgreiðsla umsókna**

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu, sbr. 3. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Allar tekjur einstaklings og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um eru taldar með við mat á fjárbörf.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings og maka, sem tilgreindar eru í 5. gr. reglna þessara.

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur.

Húsnæðis- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsnæðisbóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Við mat á fjárhagsaðstoð er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, og meðlögum ef við á.

Þegar öll tilskilin gögn hafa borist er umsókn um fjárhagsaðstoð lögð fyrir fund þar sem hún er afgreidd. Hafi öllum gögnum ekki verið skilað inn verður umsókn ekki afgreidd.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna sérstakra erfiðleika án þess að öll gögn liggi fyrir í undantekningartilvikum. Skal slík ákvörðun byggja á mati starfsmanns og í samráði við sviðsstjóra.

Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð veiti umsækjandi villandi upplýsingar eða neiti að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka.

### III. kafli

## Réttur til fjárhagsaðstoðar

### 9. gr.

#### Réttur til fjárhagsaðstoðar og útreikningar

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri sem rekur eigið heimili getur numið allt að kr. 195.159 á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði þar sem húsaleigusamningur er skráður í húsnæðisgrunn HMS.

Mat á fjárhagsaðstoð er alla jafna óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 312.254 kr. (195.159 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum eða hjá öðrum ættingjum, eða ættingjar búa á heimili umsækjanda og umsækjandi nýtur hagræðis af því er 97.580 kr. (195.159:2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð sem nemur fullri grunnfjárhæð eða 195.159 kr. á mánuði.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 130.106 kr. (195.159 x 2/3).

Á meðan umsókn er í vinnslu hjá Vinnumálastofnun á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð þar sem hann hlýtur atvinnuleysisbætur frá dagsetningu umsóknar.

Einstaklingar sem bíða eftir endurmati á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá Tryggingastofnun Ríkisins geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns sem endurgreiðist að fenginni afgreiðslu Tryggingastofnunar Ríkisins í formi eingreiðslu.

Námsmenn sem stunda lánshæft nám hjá Menntasjóði námsmanna eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Einstaklingar sem afplána fangelsisdóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.



Fjárhæðir taka breytingum í janúar ár hvert á grundvelli vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í nóvember árið áður

#### 10. gr.

##### Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða honum hálfu grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem sætir skerðingum eða er á biðtíma að ákvörðun Vinnumálastofnunar.

Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil. Réttur umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa, skerðist með sama hætti, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því. Umsækjandi, sem fær fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs, sem sinnir ekki áætlun um endurhæfingu, skal greiða hálfu grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuð og mánuðinn á eftir, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Taka skal mið af félagslegum aðstæðum barna áður en ákvörðun er tekin um lækkun fjárhagsaðstoðar til einstaklinga sem eru með börn á framfæri.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 24. gr. reglna þessara.

#### 11. gr.

##### Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir geti sýnt fram á að hafa stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi og/eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leita að fullu starfi.

### IV. kafli

#### Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

##### 12. gr.

##### Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð og hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að etja.

Um er að ræða:

- 1) Aðstoð við greiðslu leikskólagjalda að hámarki kr. 15.000 á mánuði.

2) Aðstoð við greiðslu fyrir skólamáltíðir kr. 5.000 á mánuði.

3) Aðstoð við greiðslu fyrir skóladagvist umfram kr. 5.000 á mánuði.

Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti.

- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, skóladagvistar, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 6 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld. Hámarksaðstoð skal miðast við þriðjung grunnfjárhæðar.
- D. Heimilt er að veita fæðingarstyrk til foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og eru með tekjur við eða undir viðmiðunarmörkum og hafa átt við félagslega erfiðleika að etja. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm o.s.frv. Hámarksaðstoð skal miðast við hálfa grunnfjárhæð.
- E. Heimilt er að veita fermingarstyrk til foreldra sem eru með tekjur við eða undir viðmiðunarmörkum. Miða skal við hálfa grunnfjárhæð.

### 13. gr.

#### Námsstyrkir

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og miðast aðstoðin við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði eða að hámarki því sem nemur þriðjungi grunnfjárhæðar:

- a) til einstaklinga/einstæðra foreldra 18 – 24 ára sem átt hafa í miklum félagslegum erfiðleikum, hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla, eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum og hafi haft atvinnutekjur undir eða við grunnfjárhæð sl. sex mánuði. Aðstoðin skal vera liður í valdeflingu umsækjanda og miða að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.
- b) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn að jafnaði tveimur mánuðum áður en námið hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Námsárangri skal skilað í annarlök.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu að hámarki í þrjár annir.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá vegna náms reiknast honum til tekna.

**14. gr.****Styrkur vegna húsbúnaðar**

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings sem hefur tekjur á eða við grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir virka endurhæfingu eða dvöl á stofnun.
- b) til ungs fólks á aldrinum 18 - 24 ára, sem er eignalaust með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk húsbúnaðarstyrkja nema allt að einni grunnfjárhæð og greiðast einu sinni. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.

**15. gr.****Greiðsla sérfræðiaðstoðar**

Heimilt er að veita einstaklingum sem eru í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá embætti landlæknis s.s. félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, ef það er liður í umfangsmeiri stuðningi og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustu Akraneskaupstaðar. Einnig getur aðstoðin verið veitt vegna annars konar sérfræðikostnaðar t.d. læknis- og lyfjakostnaðar.

- a) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar er allt að hálf grunnfjárhæð á ári.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarna sex mánuði. Heimildin nær einnig til barna umsækjanda. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru þriðjungur grunnfjárhæðar á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

**16. gr.****Útfararstyrkir**

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 1,6 x grunnfjárhæð.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattaframtali hins látna,
- launaseðlar og greiðsluyfirlit frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum,
- staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks,
- tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

**17. gr.****Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu**

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur á eða við grunnfjárhæð sl. tvo mánuði og til þeirra sem hafa til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum, lánastofnunum, Leiguskjóli, Leiguvernd eða öðrum sambærilegum aðilum.

Umsækjandi þarf að vera aðili að leigusamningi um íbúðarhúsnæði sem sé til að minnsta kosti þriggja mánaða og skráður hefur verið í húsnæðisgrunn HMS.

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki kr. 420.000. Gerður er samningur við umsækjanda um endurgreiðslu ábyrgðar. Í þeim tilvikum sem umsækjandi á rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi, verður mánaðarlega dregið af þeim greiðslum samkvæmt samkomulagi þar um. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu, samkvæmt reglum þessum, skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu eftirstöðva ábyrgðar. Gerður er sérstakur samningur þess efnis og heimilt að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Óheimilt er að veita nýja ábyrgðaryfirlýsingu nema sú fyrri sé að fullu endurgreidd.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 24. mánaða tímabili.

**18. gr.****Jólastyrkur**

Heimilt er að veita þeim einstaklingum sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarna 6 mánuði jólastyrk er nemur fjórðungi af grunnfjárhæð. Sækja þarf sérstaklega um jólastyrk.

**V. kafli****Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

**19. gr.****Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist.

Starfsmenn skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

**20. gr.****Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.



Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Akraneskaupstaðar sem er aðgengileg á vefsíðu sveitarfélagsins.

### **21. gr.**

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

### **22. gr.**

#### **Kynning á ákvörðun**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni til velferðar- og mannréttindaráðs.

### **23. gr.**

#### **Áfrýjun og málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis velferðar- og mannréttindasviðs til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.

**24. gr.**

**Endurupptaka**

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

**25. gr.**

**Rangar eða villandi upplýsingar**

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi skjólstaðings er ætíð endurkræf og getur Akraneskaupstaður endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

**26. gr.**

**Gildistaka**

Reglur þessar byggja á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og taka gildi 23

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð frá 23. janúar 2018.

**Samþykkt í bæjarráði 11. maí 2023**

**Samþykkt í bæjarstjórn 23. maí 2023**

Akranesi 24. maí 2023

  
Haraldur Benediktsson